



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2017


Tilvísun: 201704-0488

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis 26. apríl sl., þar sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 frá fjárlaganefnd Alþingis, 402. mál.

Í kafla frumvarpsins um aðhaldsforsendur á bls. 56 kemur fram að gengið er út frá 2% veltutengdu aðhaldi á árinu 2018. Einnig segir að gert sé ráð fyrir árlegum aðhaldsmarkmiðum. Miðað við veltu embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu má því reikna með að fækka þurfi um 6-8 stöðugildi lögreglumanna strax á næsta ári til að mæta um 90 m.kr. aðhaldskröfu og reikna má skv. þessu með fækkun lögreglumanna á hverju ári. Þetta er úr takt við þá fullyrðingu frumvarpsins að fjármögnun löggæsluáætlunar sé tryggð (bls. 65) en í kafla 9 (bls. 174) þar sem fjallað er um löggæsluáætlun er ekki minnst á fækkun lögreglumanna.

Virðingarfyllst,



Sigríður Björk Guðjónsdóttir,
lögreglustjóri